

FRÁSÖGN

af haustfundi ÖSE-þingsins í Úlan Bator 16.–18. september 2015

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Guðmundur Steingrímsson og Sigríður Á. Andersen, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur alþjóðaritari.

Í setningarávarpi sínu ræddi Ilkka Kanerva, forseti þingsins, um mikilvægi þess að styðja framkvæmd Minsk-sáttmálanna sem væru eina leiðin til að takast á við ástandið í Úkraínu. Hann fagnaði því að vopnahléið í Austur-Úkraínu hefði að mestu verið virt vikurnar á undan. Annað neyðarástand væri nú yfirvofandi, flóttamannavandinn í Evrópu, og Kanerva hvatti álfuna til að bregðast við vandanum með samstöðu og samkennd. Kanerva hrósaði Mongólíu fyrir friðsamlega og skjóta aðlögun að lýðræðislegum stöðlum og vilja stjórnvalda til frekari þróunar, aukins lýðræðis og betri stjórnunarháttá og félags- og efnahagslegrar stefnumótunar. Kanerva tilkynnti þingmönnum jafnframt um þá ákvörðun ÖSE-þingsins að taka ekki þátt í eftirliti með þingkosningunum í Aserbaídsjan 1. nóvember nk. Sú ákvörðun var tekin í kjölfar þess að Lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE, ODIHR, ákvað að senda ekki kosningaeftirlitsmenn til landsins vegna þeirra takmarkana sem stjórnvöld landsins hugðust setja á störf stofnunarinnar. Samhliða haustfundi hitti Kanerva sendinefndir Rússlands og Úkraínu til að ræða hvernig ÖSE-þingið gæti stutt framkvæmd Minsk-sáttmálanna.

Ráðstefnu haustfundar var skipt í þrjá hluta eftir málefnaáherslum nefnda þingsins. Í fyrsta hluta, sem tilheyrði vídd stjórn- og öryggismála, var sérstök áhersla á svæðisbundið öryggi og baráttuna gegn hryðjuverkum og mansali á ÖSE-svæðinu. Þá var ástandið í Úkraínu sérstaklega til umræðu. Formaður sendinefndar Rússlands og forseti neðri deildar rússneska þingsins, Sergey Naryshkin, gagnrýndi þá ákvörðun finnskra stjórnvalda að neita þingmönnum sendinefndar Rússlands um vegabréfsáritun til landsins fyrir þátttöku í ársfundi ÖSE-þingsins í júlí sl. Hann sagði ákvörðunina árás á gildi alþjóðlegs þingmannasamstarfs. ÖSE-þingið ætti að upplýsa um afstöðu sína og staðfesta að refsiaðgerðum yrði ekki aftur beitt gegn einstökum þingmönnum samstarfsins og að allir þingmenn gætu framvegis tekið þátt í fundum þess. Formaður sendinefndar Úkraínu hjá ÖSE-þinginu, Artur Gerasymov, sagði að forsenda þess að létta á refsiaðgerðum gegn Rússlandi væri að Rússland sleppti úr haldi pólitískum föngum frá Úkraínu sem haldið væri í fangelsum í Rússlandi. ÖSE-þingið ætti að halda áfram að berjast gegn árásarhneigð Rússa sem væri ógn við öryggi og frið í Evrópu. Formaður dönsku sendinefndarinnar sagði að á meðan Rússar framfylgdu ekki Minsk-sáttmálunum ætti ekki að létta á refsiaðgerðum vesturveldanna gegn þeim.

Annar hluti ráðstefnunnar tilheyrði efnahags- og umhverfisvíddinni og var áhersla lögð á efnahagslegar áskoranir, fæðuöryggi og áhættustjórnun á ÖSE-svæðinu. Í umræðum gagnrýndi Sigríður Á. Andersen harðlega viðskiptabann Rússa gegn Vesturlöndum og vakti athygli á mikilvægi frjálsra viðskipta þegar kemur að fæðuöryggi. Nefndi hún að fá ef nokkur ríki gætu tryggt borgurum sínum fæðuöryggi til langs tíma án frjálsra viðskipta við önnur lönd. Því væri miður að land eins og Rússland legði bann við innflutningi á matvælum frá Evrópu og Bandaríkjunum vegna aðgerða ríkjanna í tengslum við ástandið í Úkraínu. Sigríður sagði augljóst að viðskiptaþvinganir Rússlands brytu gegn reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Það væri þó ekki aðalatriðið heldur áhrif bannsins á þegna landsins. Hún hvatti ÖSE-þingið til að berjast fyrir frjálsum viðskiptum og mótmæla viðskiptabanninu. Nikolay Kovalev, þingmaður sendinefndar Rússlands, sagði í kjölfarið að Rússland væri á móti hvers kyns refsiaðgerðum ríkja, bæði pólitískum og efnahagslegum. Rússland hefði hins vegar verið neytt til þess að bregðast við refsiaðgerðum Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Vesturlönd bæru þannig ábyrgð á minnkandi fæðuöryggi og óánægju með innflutningsbann Rússa, t.d. meðal bænda á Íslandi og í Frakklandi. Á sama tíma hefði innflutningsbannið í raun verið Rússlandi til

hagsbóta og aukið fæðuöryggi í landinu sem væri nú farið að framleiða nýjar tegundir af matvælum. Rússland væri reiðubúið til að gera allt sem hægt væri til að koma á eðlilegum samskiptum á ný og að um leið og Vesturlönd drægju til baka refsiaðgerðir sínar mundi Rússland gera slíkt hið sama.

Loks tilheyrði þriðji hluti ráðstefnunnar vídd mannréttinda og lýðræðis og áhersla var þá lögð á þróun lýðræðisstofnana, mannréttindi, fjölmiðlafrelsi, trúfrelsi og jafnrétti á ÖSE-svæðinu. Þá voru málefni flóttamanna sérstaklega til umræðu. Lögð var áhersla á að flóttamannavandinn væri alþjóðlegur og þögn annarra heimshluta en Evrópu var gagnrýnd. Þingmaður ungersku sendinefndarinnar ræddi um þann vara sem þyrfti að hafa á til að tryggja að ekki leyndust hryðjuverkamenn meðal þeirra flóttamanna sem hleypt væri til Evrópu. Flóttamenn væru ekki allir með gott eitt í huga og ríki þyrftu að vernda borgara sína. Til að gera ríkjum það betur kleift lagði hann til að Schengen-samstarfið yrði tímabundið leyst upp og landamæraeftirlit tekið upp. Þingmaður rússnesku sendinefndarinnar sagði undarlegt að verið væri að kenna Rússum um straum flóttamanna frá Sírylandi þegar Rússland hefði tekið á móti þremur milljónum flóttamanna frá Úkraínu. Þingmaður írsku sendinefndarinnar sagði neyðarástandið ekki snúast um landamæri heldur samstöðuskort og þingmaður bresku sendinefndarinnar benti á mikilvægi þess að styðja þau ríki sem tækju á móti miklum fjölda flóttamanna, ásamt því að vinna að rót þess að fólkið væri á flóttu.

Samhliða haustfundi stóð Íslandsdeild fyrir fundi þingmanna Norðurlanda og Eystrasaltsríkja með fulltrúum samtaka um mannréttindi og fjölmiðlafrelsi í Mongólíu, Globe International NGO og Open Society Forum Mongolia, sem Guðmundur Steingrímsson stýrði. Að sögn fulltrúa samtakanna er tjáningarfrelsi takmarkað í Mongólíu, vefsíðum sé lokað sé á þeim að finna gagnrýni á yfirvöld eða stórfyrirtæki í landinu og ný löggjöf geri yfirvöldum kleift að fylgjast náið með netnotkun almennra borgara. Erfitt sé fyrir óháða aðila að stofna fjölmiðla, auglýsingamarkaðurinn sé vanþróaður og fjármögnun því afar erfið. Fjölmiðlar séu að mestu fjármagnaðir af ríkisstjórnarflokkunum og stórum fyrirtækjum. Fundafrelsi sé einnig takmarkað og samtök eigi erfitt með að fá leyfi fyrir mótmæla- eða samstöðufundum. Löggjöf um fundafrelsi sé til staðar en stjórnvöld komi sér undan því að framfylgja henni. Þá sé gögnum gjarnan stolið af samtökum sem rannsaka alvarleg spillingarmál. Aðskilnaður valds sé takmarkaður og hagsmunatengsl tíð. Dómstólar séu þá nátengdir stjórnámálum og lögreglu yfirvöldum í landinu, ekki síst eftir valdarán hersins árið 2008 þegar mótmælendur voru handteknir og dæmdir til fangelsisvistar án haldbærra lagalegra raka. Dómstólar í landinu hafi ekki þekkingu á alþjóðasáttmálum og mikil þörf sé á þjálfun fyrir dómara við dómstóla landsins.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar ÖSE-þingsins og á vefsvæðinu www.oscepa.org.